

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs,
sbr. lög nr. 103 27. des. 1976, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir þinglýsingu á skjölum skal greiða fast gjald, er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Á sama hátt skal ákveðið gjald fyrir áritun um heimildabrest o. fl. skv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928.

2. gr.

17., 18. og 19. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978, og gilda um skjöl sem afhent eru til þinglýsingar eftir það tímamark.

Gjört að Bessastöðum 5. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Kvikmyndasafn.****1. gr.**

Stofna skal Kvikmyndasafn Íslands. Kvikmyndasafn hefur aðsetur í Fræðslu- myndasafni ríkisins og starfar í tengslum við það uns annað verður ákveðið af stjórn þess og menntamálaráðuneyti.

2. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslensk efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi að mati safnsstjórnar.